

sagt verið heppilegra, að reglan hefði verið gefin þannig, að hún einungis hefði leyft að greiða peningagjöldin með landaurum. Sömuleiðis er ástæða til að ætla, að það optast muni reynast óhaganlegt að taka kirkjujarðir undan þeim prestaköllum, sem þær hingað til hafa legið undir, því almennt mun hægt að ná til þeirra þaðan, og að ágreiningur og efi um, hverjum beri rjettur eða skylda til að byggja viðkomandi jarðir, muni rísa af því, að bæta upp önnur prestaköll með jarðarafgjöldum eða hluta af þeim. Af þessum ástæðum virðist það æskilegt, að ákvörðunum í 3. gr. verði að öllum jafnaði beitt sem minnst að mögulegt er, og er vert í því tilliti að taka fram, að lögin virðast ekki veita hlutaðeigandi prestaköllum neinn rjett til að heimta peningauppbótina greidda á þann hátt, sem getur um í 3. gr., en hinsvegar ganga út frá því, að landstjórnin hafi óbundnar hendur til að koma því skipulagi á, sem henni eptir kringumstæðunum þykir haganlegast.

Að því er snertir það atriði í ákvörðun 5. gr., að uppbætur þær úr landssjóði, er þar um getur, skuli greiddar annaðhvort með afgangi af gjöldum þjóðjarða eða með peningum, þá verður ráðgjafinn að vera herra landshöfðingjanum samdóma um, að eigi sje ástæða til að beita hinni fyrnefndu ákvörðun, þar eð uppbótin úr landssjóði að eins er um stundarsakir, enda verður ekki mögulegt á þennan hátt að spara nein umboðslausn; eins og alþingi mun hafa ætlað, því að það getur ekki komið til mála, að selja byggingarráð jarðanna í hendur presti þeim, er að eins til bráðabirgða nýtur afgangi af jarðanna í stað peningauppbótar.

Að því loksins snertir 4. gr. lagafrumvarpsins, þá hefir ráðgjafanum eins og yður, herra landshöfðingi, þótt ýmislegt verulega viðsjárvert við það, hvornig hún er orðuð, en ráðgjafinn hefir samt einkum sökum sambands þess, er grein þessi stendur í við lög um skipun sóknarnefnda, og sökum þess, hvornig þjer, herra landshöfðingi, hafið skilið þýðingu ákvarðananna í þessari grein og hina tilætluðu framkvæmd þeirra, álitid að eigi bæri að leggja þá áherzlu á þessa galla, að lagafrumvarpinu af þessari ástæðu skyldi synjað um staðfesting.

Loks skal því viðboett, að lagafrumvörp þau, er alþingi hefir samþykkt um sóknarnefndir og um eptirlausn presta hafa öðlast staðfesting konungs, en út af frumvarpinu um skyldur presta til að sjá ekkjum sínum borgið með fjárstyrk eptir sinn dag, hefir ráðgjafinn skrifað lífsábirgðar- og framfærslustofnuninni frá 1871.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um alþingisfrumvarp til laga um smáskammtalækningar.* — Eptir allraþegnsamlegustum tillögum ráðgjafans hefir hans hátign konunginum þóknast hinn 27. þ. m. að fallast á, að lagafrumvarp það um smáskammtalækningar, er alþingi síðastliðið ár samþykkti, skuli ekki öðlast staðfesting konungs.

Þar eð ráðgjafinn hefir getað fallist á athugasemdir þær, er þjer herra landshöfðingi í þóknanlegu brjefi frá 9. október f. á. hafið gjört um lagafrumvarp þetta, skal nú að eins tekið fram það, er hjer segir.

Eins og þjer herra landshöfðingi hafið látið í ljósi, er lagafrumvarp þetta í beinni mótsögn við allar þær ráðstafanir, er frá hálfu löggjafarvaldsins hafa verið gjörðar til þess, að sjá íbúum landsins fyrir vísindalega menntuðum læknum, og skal í því efni vísað til laga 15. okt. 1878 um aðra skipun læknahjeraðanna á Íslandi, laga 11. febr. 1876 um stofnun læknaskóla í Reykjavík og hinnar miklu fjárveitingar (um 50000 kr. árl.) er

58  
28. febr.

stendur í sambandi þar við og lögð er til lækningamála í fjárlögum árlega. Eins og tilgangurinn með þessa löggjöf hefir verið að gefa mönnum víðsvegar um landið kost á lækni-hjálp frá þeim mönnum, er treysta mætti, að hefðu nauðsynlega þekking á eðli og meðferð sjúkdómsins, þannig hafa þessar ráðstafanir löggjafarinnar hins vegar gengið út frá því, að það væri regla, að engum yrði leyft að fást við lækningar, nema þeim, er hefði sannað, að hann væri fær til þess, með því að ganga undir hið fyrirskipaða próf. Það liggur því í augum uppi, að það mundi alveg koma í bága við þann tilgang, er lagt hefir verið svo mikið í sölurnar til að ná, ef nú yrði, eins og frumvarpið fer fram á, farið að leyfa þeim mönnum að fást við lækningar, sem alls engin sönnun væri fyrir, að hefðu hina allra nauðsynlegustu þekking í læknisfræði, og það alveg takmarkalaust og eptirlitslaust og jafnvel án þess að tiltekin væri hegning fyrir þá, er gerðu skaða með lækningum sínum — því slíkt vantar í frumvarpið — og skal það í þessu efni tekið fram, að meðmælingar þær, sem ræðir um í frumvarpinu frá sóknarpresti, hreppsstjóra og heilbrigðisnefnd, eru til alls engrar tryggingar. Móti þessu verður heldur ekki sagt, að nú sje stundum veitt lækningaleyfi (*venia practicandi*) þeim mönnum, sem ekki hafa hina lögboðnu hæfilegleika, því að öðru leytinu er slíkt leyfi hrein undantekning og að eins fyrir þau hjeruð, þar sem lækniþörfin er brýnust, og á hinn bóginn er leyfisveitingin bundin því skilyrði, að fyrir höndum sjeu áreiðanlegir vitnisburðir, jafnaðarlegast skýrsla landlæknis eða annars vísindalega menntaðs læknis, um að hlutaðeigandi hafi aflað sjer nokkurrar þekkingar á sjúkdómum og meðferð þeirra, og svo er það og enn fremur, að leyfi þetta nær vanalega að eins til ákveðinna sjúkdómstegunda, sem eru miður hættulegar og löks eru slíkir ólærðir læknar látnir vera háðir eptirliti landlæknisins eða hlutaðeigandi hjeradslæknis.

Það er vitaskuld, að ráðgjafinn hefir ekki getað gjört sig rólegan með, að lagafrumvarpið einungis heimili lækningar með homöopathiskum meðulum, því það er eigi auðvelt að setja nákvæm takmörk milli þeirra og hinna svo kölluðu allopathisku meðala; en þótt svo væri, hverfa eigi fyrir það aðaltormerki þau, er ráðgjafanum hefir þótt vera á því að leggja það til að lagafrumvarpið öðlast staðfestingu konungs, og þau eru að frumvarpið veitir þeim mönnum aðgang til læknastarfa sem ekki geta sannað, að þeir hafi neina lækni-vísindalega menntun eða þekking, og mundi af þessu leiða, að skottulækningar væru álitnar löggildar og að lækningar slíkra manna fengju lagavernd og að landsbúar yrðu á vissan hátt hvattir til að leita læknishjálpar hjá þeim.

Þjer eruð herra landshöfðingi beðnir að birta almenningi innihald brjefs þessa í stjórntarftíðindunum.

59  
28. febr.

— *Brjef* ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um alþingisfrumvarp til laga um stofnun lagaskóla. — Eptir allra þegnsamlegustum tillögum ráðgjafans hefir það hinn 27. þ. m. þóknast hans hátign konunginum að fallast á, að frumvarp það, um stofnun lagaskóla í Reykjavík, er alþingi samþykkti síðastliðið ár, skuli ekki öðlast staðfestingu konungs.

Um leið og þetta er tjáð yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar vill ráðgjafinn eigi undanfella þjónustusamlega að taka fram það, er á eptir fer, svo að kunnar verði orsakir þær, er knúðu ráðgjafann til að ráða frá staðfesting frumvarpsins.

Svo sem kunnugt er, hefir alþingi optar en einu sinni áður farið þess á leit, að